



Umhverfissvið RALA

Rannsóknastofnun
landbúnaðarins
Keldnaholti, IS-112 Reykjavík

Minnisblað

Viðtakendur: Birgir Guðmundsson, Vegagerðin, Akureyri
Guðmundur Arason, Vegagerðin, Reykjavík

Varðandi: Endurheimt Framengja í Mývatnssveit

Dagsetning: 17. júlí, 2002

Undirritaður, sem fulltrúi nefndar um endurheimt votlendis, kannaði þann 5. júlí síðastliðinn votlendissvæðið Framengjar við Skútustaði í Mývatnssveit, en til stendur að moka ofan í gamla skurði á svæðinu með það fyrir augum að endurheimta fyrra vatnafar þess. Svæðið var skoðað í fylgd Helgu Aðalgeirsdóttur, fulltrúa Vegagerðarinnar; Ingólfs Á. Jóhannessonar, fulltrúa landeigenda, Kára Kristjánssonar, fulltrúa Náttúruverndar ríkisins og Yanns Kolbeinssonar, fulltrúa Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn.

Framengjar eru víðáttumikil flæðiengi sunnan Skútustaða við Mývatn. Svæðið er um 14 km² að stærð og afmarkast af Kráká í vestri og Grænalæk í austri. Syðri mörk engjanna eru á mótum við Baldursheim en þar taka við melar og auðnir sem ná inn á hálendið. Upp úr 1950 voru Framengjar ræstar fram. Í landi Skútustaða, Álftagerðis og Litlustrandar voru grafnir hátt í 10 km langir skurðir í samfelldu kerfi. Í dag er landið nýtt til beitar auk þess sem verulegur hluti er friðaður alveg eða að mestu leyti. Fyrir u.p.b. 15 árum ruddu bændur niður í rúmlega tvo km af skurðum og tókst sú aðgerð vel. Nú er vilji fyrir því hjá landeigendum og ábúendum að ryðja niður í það sem eftir er af skurðunum og til stendur að Vegagerðin sjái um framkvæmd endurheimtunarinnar sem mótvægisáðgerð vegna röskunar votlendis í tengslum við vegalagningu á Norðausturlandi (Hárekstaðaleið og Tjörnes).

Það er álit undirritaðs að svæðið sé ákaflega vel fallið til endurheimtar og er hægt að nefna margt því til stuðnings:

- Svæðið er hluti af samofinni og fjölbreyttri votlendisheild Mývatnssvæðisins og endurheimt engjanna eykur verulega við heildargildi svæðisins
- Svæðið er á Skrá yfir alþjóðlega mikilvæg votlendi sem hluti Mývatnssvæðisins (Ramsar sáttmálinn)
- Endurheimt votlendis er mikilvæg á landsmælikvarða því mjög hefur verið gengið á þessa tegund vistkerfa hérlendis

Fylgiskjal 19

- Endurheimt engjanna myndi tryggja búsvæði fyrir fjölda tegunda plantna, fugla og smádýra
- Með tiltölulega einfaldri aðgerð endurheimtist stórt votlendissvæði

Sem fulltrúi nefndar um endurheimt votlendis mæli ég því með því að endurheimt á svæðinu verði tekin gild sem mótvægisáðgerð vegna röskunar votlendis tengdri vegagerð. Nefndin hefur hins vegar ekki umboð til að ákveða hvernig stærð endurheimts votlendis verður metin á móti röskun. Þar er vísað á Náttúruvernd ríkisins og í úrskurð Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum þeirra vegalagninga sem um ræðir.

f.h. votlendisnefndar



Hlynur Oskarsson

Afrit:

Ingólfur Á. Jóhannesson, Skútustöðum